

124  
29. nóv.

Mál út af brotum á 4. mgr. 1. gr. sæta meðferð almennra lögreglumála. Sektir renna í ríkissjóð.

11. gr.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt heimild í 47. og 48. gr. laga frá 31. des. 1937, um tollheimtu og tollaftirlit.

*Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1938.*

Eysteinn Jónsson.

*Torfi Jóhannsson.*

125  
29. júní

## ERINDISBRÉF

fyrir síldarmatsmenn.

1. gr.

Síldarmatsmenn skulu leggja stund á að vera sem færastir í því að geta dæmt um gæði og flokkun síldarinnar. Þeir skulu, eftir því sem þeir eiga kost á, afla sér þekkingar í öllu, er lýtur að starfi þeirra, kröfum kaupendanna um vörugæði, og framförum í síldarverkun.

Matsmenn skulu hafa það hugfast, að tilgangur matslaganna er að auka vöruvöndun og afla vörunni álits og trausts kaupenda. Þeir skulu því eftir fremsta megni gera sitt til þess, að þessum tilgangi verði náð, með því að kveða upp réttlátan dóm um vöruna í hvert sinn. Þeir eiga að koma fram með stillingu og festu og varast að fara í kappræður við aðra um gæði og galla vörunnar. Þeir mega ekki taka tillit til álits annara á síldinni, hvort heldur er kaupanda, seljanda eða óviðkomandi manna, heldur skulu þeir byggja dóm sinn á eigin áliti, sem þeir þó verða að forðast að mynda sér, fyrr en þeir með nákvæmri skoðun hafa fengið glögg yfirlit yfir gæði og galla vörunnar, en þá fyrst skulu þeir fella úrskurð sinn í fullu samræmi við það, sem tekið er fram í matsreglum.

2. gr.

Matsstjóri er yfirboðari matsmanna og ber þeim að hlýða fyrirskipunum hans um framkvæmd matsins. Í vandamálum, sem fyrir kunna að koma viðvíkjandi matinu, ber matsmönnum að ráðfæra sig við matsstjóra. Matsmenn skulu, eftir því sem tími þeirra leyfir, kynna sér verkun síldarinnar almennt í umdæmi sínu. Skulu þeir hafa frjálsan aðgang að söltunarstöðvum, og ber saltendum skylda til að sýna þeim það, er þeir krefjast, og veita þeim þær upplýsingar, er þeir fara fram á. Ef matsmaður verður þess áskynja, að verkuninni sé að verulegu leyti ábótavant, skal hann tilkynna það matsstjóra, sem þá athugar málið og aðstoðar saltendur, ef þeir óska þess, við að koma verkuninni í betra horf. Verði matsmaður var við, að matslögin séu brotin, skal hann ávallt tilkynna það matsstjóra, auk þess sem hann skal kæra fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef um verulegt brot á matslögunum er að ræða.

3. gr.

Matsmenn útbýta til saltenda eyðublöðum undir skoðunarbeiðnir og leiðbeina þeim, sem þess óska, um útfyllingu þeirra. Matsmenn skulu að jafnaði afgreiða beiðnir um mat í þeirri röð, er þær berast þeim, en þó er matsmanni heimilt að breyta röðinni, ef það upplýsist, að nauðsynlegt sé vegna útflutnings að afgreiða beiðnir, er síðar koma, á undan þeim fyrri. Það er brýnt fyrir matsmönnum að

gæta árvekni og dugnaðar í starfi sínu, svo að ónauðsynlegur dráttur á mati valdi ekki töfum eða erfiðleikum við útflutning.

125  
29. júní

#### 4. gr.

Matsmenn mega taka sér aðstoðarmann við framkvæmd matsins, sérstaklega þegar þarf að hraða mati vegna útskipunar. Aðstoðarmaðurinn starfar algerlega á ábyrgð matsmannsins og má ekki láta hann meta eða skera úr neinu atriði, er snertir gæðaflokkun eða hefir áhrif á synjun eða veiting matsvottorðs. Verksvið aðstoðarmanns er eingöngu að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum matsmanns sé fylgt; þó skulu matsmenn gæta þess að taka sér eingöngu þá aðstoðarmenn, er þeir geta fyllilega treyst.

Kaup aðstoðarmanns sé hið viðurkennda almenna taxta kaup verkamanna á staðnum, og greiðist eingöngu fyrir þann tíma, er þeir eru að starfi.

Séu fleiri en einn matsmaður í sama héraði, skulu þeir skipta með sér verkum, þannig, að þeir hafi sem jafnastan starfa.

Sé hægt að koma því við, og ef tími þeirra leyfir, skulu matsmenn aðstoða hvern annan við matið. Þó ber sá matsmaður, er kallaði hinn til aðstoðar, einn ábyrgð á framkvæmd matsins.

#### 5. gr.

Þegar að loknu mati og merkingu á hverri stöð, skal matsmaður afhenda eigna viðurkenningu fyrir, að matið hafi farið fram. En fullkomið matsvottorð skal hann gefa út um leið og sildin er flutt úr landi (sbr. þó 8. gr. reglugerðar um sildarmat). Matsmenn skulu útfylla matsvottorðin nákvæmlega. Þeir skulu ávallt taka eftirrit af hverju matsvottorði og semja sérstaka skýrslu í tveim eintökum yfir alla útflutta matjessild, með hverju sérstöku skipi, og afhenda matsstjóra annað eintakið.

#### 6. gr.

Fastur starfstími matsmanna byrjar 1. ágúst ár hvert og endar 1. desember. Á þessu tímabili ber þeim ávallt að vera til taks, ef framkvæma þarf matsstörf, og mega ekki á þessum tíma yfirgefa umdæmi sitt nema með sérstöku leyfi matsstjóra.

#### 7. gr.

Matsmenn skulu færa dagbækur sínar nákvæmt og rétt. Þeir skulu geyma þær, ásamt öðrum skjölum viðkomandi matinu, á öruggum stað og varast að láta óviðkomandi menn hafa aðgang að þeim.

#### 8. gr.

Komi það fyrir, að matsmenn séu í vafa um eitthvert atriði, sem ekki er getið um í lögum eða reglugerðum um sildarmatið, eða matsstjóri hefir ekki gefið þeim neinar fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans og fá fyrirskipanir um, hvað gera skuli. En verði því ekki við komið, skulu matsmenn gera þær ráðstafanir til bráðabirgða, er þeir álíta réttastar vera og skýra matsstjóra frá því svo fljótt sem við verður komið. Þeir skulu og skýra matsstjóra frá, ef þeim er sýndur mótþrói eða torvelduð störf þeirra á einhvern hátt

#### 9. gr.

Matsmenn undirrita eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt sildarmatslögum og ákvæðum erindisbréfs þessa. Þeir mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist frá framleiðendum eða kaupendum sildarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnurekstur, er lýtur að sildarsöltun, sildarverzlun eða sildarútgerð. Þeir

125 mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta sild fyrir, eða vera þeim háðir á 29. júní annan hátt.

Matsmenn eru bundnir algerðri þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja í starfi sínu, og mega ekki láta neitt uppi um ástand vöru þeirrar, er þeir meta, annað en tekið er fram í skoðunartottorði. Þeir mega ekki t. d. gefa sildinni ein-kunnir svo sem „góð 3. flokks sild“ eða „léleg 1. flokks“ o. s. frv. Þagnarskyldan nær þó ekki til upplýsinga, sem þeir eiga að gefa matsstjóra. Sannist þær misfellur á vottorði matsmanns, er álíta verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust.

Erindisbréf þetta staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um matjessild og skozkverkaða sild, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1938.*

**Skúli Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

126  
12. júlí

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt, og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

1. Á heimilum má selja um kWst-mæli samkvæmt gjaldskrárlið B 2, þótt raforkan sé eingöngu notuð til ljósa.

2. Um kWst-mæli á 48 aura fyrstu 4 kWst/ári á hvern fermetra gólfplat, en á 25 aura á kWst fyrir alla notkun þar framyfir.

3. Um hemilmæli á 60 kr. hvert árshektóvatt (hW), og skal hemilstillingin ávallt standa á heilu hW. Umframnotkun skal hér seld á 48 aura hver kWst.

4. Um kWst-mæli á 23 aura hverja kWst til skóla, sjúkrahúsa og kirkna, og enn fremur til útilýsingar og auglýsingaljósa. Sé raforkunotkunin meiri en sem samsvavar 600 klst. notkunartíma, er verðið 10 aurar fyrir hverja kWst þar fram yfir.

#### B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um tvöenna kWst-mæla, annan til ljósa, en hinn til heimilisvéla, suðu og hitunar. Um ljósamælinn reiknast 48 aurar á kWst, en á hinn mælinn 10 aurar.

2. Um einn kWst-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 48 aura hverja kWst fyrstu 3 kWst á ári á hvern ferm. (m<sup>2</sup>) gólfplat, en á 4 aura hver kWst fyrir næstu notkun, þannig reiknað:

30 kWst/m <sup>2</sup> á ári fyrir	25 m <sup>2</sup>
25 — — — —	næstu 25 —
20 — — — —	25 —
15 — — — —	25 —

og síðan 15 — — — á gólfplöt þar yfir.

Umfram þetta greiðist með 4 aurum hver kWst.

Miða skal hér við gólfplöt allrar íbúðarinnar, sem telst íbúðarherbergi og eldhús.